

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. október 2022

Mál nr. S-1504/2022:

Héraðssaksóknari

(Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi)

gegn

X

(Jón Örn Árnason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 20. september 2022, er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 24. mars 2022, á hendur: „X, kt. [...], [...], Reykjavík, fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum [...] í rekstri einkahlutafélagsins B ehf., kt. [...], nú þrotabú, rekstrarárin 2018 til 2019 sem daglegum stjórnanda og stjórnarformanni frá 21. mars 2018 og stjórnarmanni, framkvæmdastjóra með prókúru frá 21. júní 2019, með því að hafa:

- Eigi staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimta bar í rekstri einkahlutafélagsins, vegna uppgjörstímabilanna mars – apríl, maí – júní og september – október, rekstrarárið 2019 í samræmi við IX. kafla laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, samtals að fjárhæð kr. 30.923.665, sem sundurliðast sem hér greinir:

2019		
mars - apríl	kr.	7.464.343
maí - júní	kr.	19.052.846
september-október	kr.	4.406.476
	kr.	30.923.665

2. Eigi staðið ríkissjóði skil á staðgreiðslu opinberra gjalda á lögmæltum tíma, í samræmi við fyrirmæli III. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sem haldið var eftir af launum starfsmanna einkahlutafélagsins, greiðslutímabilin desember 2018 til og með september 2019, samtals að fjárhæð kr. 58.326.164 sem sundurliðast sem hér greinir:

2018		
desember	kr.	5.621.202
	kr.	5.621.202
2019		
janúar	kr.	2.655.410
febrúar	kr.	6.273.282
mars	kr.	5.016.802
apríl	kr.	6.504.273
maí	kr.	5.073.397
júní	kr.	7.560.113
júlí	kr.	7.212.101
ágúst	kr.	5.929.628
september	kr.	6.479.956
	kr.	52.704.962
Samtals	kr.	58.326.164

Framangreind brot ákærða samkvæmt 1. tölulið teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Framangreind brot ákærða samkvæmt 2. tölulið ákæru teljast varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

I

Af hálfu ákærða var lögð fram greinargerð, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til lægstu mögulegrar refsingar og að hún verði skilorðsbundin að öllu leyti. Þá krefst verjandi ákærða hæfilegra málsvarnarlauna, í samræmi við framlagða tímaskýrslu, sem lögð verði á ríkissjóð ásamt öðrum sakarkostnaði.

II

Málsatvik

Með bréfi, dags. 13. janúar 2021, vísaði Skattrannsóknarstjóri ríkisins (SRS) máli ákærða vegna meintra brota gegn lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um virðisaukaskatt og, eftir atvikum, almennum hegningarlögum til héraðssaksóknara. Varða meint brot starfsemi B ehf. en ákærði var skráður stjórnarformaður félagsins frá 21. mars 2018 til og með 21. júní 2019 og stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og handhafi prókúruumboðs frá 21. júní 2019. Þá var A skráður stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og handhafi prókúru frá 21. mars 2018 til 21. júní 2019 og stjórnarformaður og prókúruhafi frá 21. júní 2019, en A lést [...] maí 2020. Bréfinu fylgdu gögn vegna rannsóknar SRS, þ. á m. skýrsla SRS vegna félagsins, dags. 8. desember 2020. Varða ætluð brot félagsins rekstrarárin 2018 og 2019.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis ásamt almennri byggingarvinnu. Var bú félagsins tekið til gjaldþrotaskipta [...] janúar 2020, lauk skiptum á búi þess [...] maí 2020 og var félagið afskráð [...] maí 2020. Í skýrslu SRS kemur fram að tilefni rannsóknarinnar hafi verið ákvörðun SRS um að rannsaka skil afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda og innheimtu virðisaukaskatts. Hófst rannsóknin formlega 14. febrúar 2020 og leiddi hún í ljós að vanrækt hefði verið að standa innheimtumanni ríkissjóðs skil á staðgreiðslu opinberra gjalda launamanna félagsins vegna greiðslutímabilanna desember rekstrarárið 2018 og janúar til og með september rekstrarárið 2019. Þá leiddi rannsóknin í ljós að vanrækt hefði verið að standa skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs innan lögboðins frests vegna uppgjörstímabilanna mars-apríl, maí-júní og september-

október rekstrarárið 2019. Rannsóknin leiddi í ljós að vangoldin afdregin staðgreiðsla hefði numið samtals 60.114.162 krónum og vangoldinn innheimtur virðisaukaskattur samtals 31.911.592 krónum, að teknu tilliti til virðisaukaskatts af töpuðum kröfum, auk álags, dráttarvaxta og kostnaðar. Kom fram að afdregin staðgreiðsla af launum ákærða vegna framangreindra tímabila næmi samtals 1.787.998 krónum.

Í skýrslunni eru meint brot talin varða við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, og eftir atvikum 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Með bréfi, dags. 9. desember 2020, var ákærða tilkynnt um fyrirhugaða ákvörðun um refsimeðferð vegna framangreindra brota, honum gefinn kostur á að tjá sig um hana áður en til þess kæmi og veittur til þess 15 daga frestur. Með bréfi, dags. 21. desember 2020, andmælti ákærði fyrirhugaðri refsimeðferð og krafðist þess að málið yrði fellt niður hvað hann varðaði. Byggði hann aðallega á því að verkaskipting hefði verið milli hans og A. Hefði hlutverk hans, en hann væri [...], byggst á fagþekkingu hans og var það að hafa umsjón með verklegum framkvæmdum. Fjármál, bókhald og skattskil hefðu hins vegar verið á verksviði A. Þá kom fram í bréfinu að ákærða hefði ekki verið gerð réttilega grein fyrir efni tilkynningar til fyrirtækjaskrár, þar sem fram kom að hann væri orðinn framkvæmdastjóri félagsins, þegar hann undirritaði hana. Hefði hann staðið í þeirri trú að þetta væri nauðsynleg undirritun vegna tilkynningar til ríkisskattstjóra.

Af málgögnum má ráða að af hálfu félagsins hafi verið gerðar greiðsluáætlanir vegna skattskulda þess á árinu 2019. Fyrir liggja áætlanir frá 13. mars og 28. ágúst og upplýsingar um að eldri áætlunin hefði verið felld niður 18. mars með nýrri greiðsluáætlun sem hefði síðan verið breytt 24. apríl.

Við meðferð málsins hjá SRS var, 15. júní 2020, tekin skýrsla af ákærða. Kom fram hjá honum að hann hefði unnið á byggingarstað og stjórnað starfsmönnum félagsins þar en A séð um daglegan rekstur, alla pappírsvinnu og fjármálin. Sjálfur hefði hann stundum framkvæmt millifærslur en þá hefði A leiðbeint honum. Borin voru undir ákærða vottorð úr fyrirtækjaskrá vegna félagsins, dags. 13. febrúar 2020, tilkynning um úrsögn úr stjórn félagsins, dags. 31. október 2020, er varðar afsögn skoðunar-manns/endurskoðanda, tilkynning um breytingu á stjórn félagsins, dags. 21. júní 2019, þar sem A var skráður formaður stjórnar og ákærði meðstjórnandi, tilkynning um breytingu á framkvæmdastjórn og prókúru, dags. 21. júní 2019, þar sem ákærði er skráður framkvæmdastjóri og hann og A báðir skráðir með prókúru vegna félagsins, og

tilkynning um stofnun félagsins, dags. 21. mars 2018. Kvaðst ákærði kannast við undirritanir sínar á skjölunum og sagði að þær upplýsingar sem þar kæmu fram væru réttar. A hefði alltaf verið að koma með einhverja pappíra fyrir hann til að undirrita og m.a. beðið hann um að undirrita pappíra varðandi breytingar sem gerðar voru á stjórninni í júní 2019. Fundir hefðu aldrei verið haldnir í félaginu en A hefði alltaf verið upptekinn. Þá hefði A aðallega verið í samskiptum við bókarann en hann sjálfur hitt bókarann tvisvar eða þrisvar. Sagði hann A hafa útbúið skilagreinar vegna staðgreiðslu og sagðist telja að þær væru byggðar á vinnustundum en ekki vita hvort þær hefðu gefið rétta mynd af launagreiðslum. Teldi hann að bókarinn hefði útbúið bókhaldið eftir upplýsingum frá A og reiknað út laun. Kvaðst hann ekki vita hvort fjárhæð afdreginnar staðgreiðslu sem byggt var á við rannsóknina væri rétt. Spurður hvers vegna staðgreiðslunni hefði ekki verið skilað á lögmæltum tíma kvaðst hann ekki hafa séð um að greiða staðgreiðsluna og ekki hafa haft aðgang til þess heldur A. Kvaðst hann ekki vita hvert greiðslur vegna staðgreiðslunnar hefðu runnið en telja að laun hefðu verið greidd starfsmönnum.

Hvað varðar virðisaukaskatt þá kvaðst ákærði ekki vita hvers vegna hann hefði ekki verið greiddur. Bókarinn hefði átt að útbúa skýrslurnar eftir gögnum frá A og vissi hann ekki hvort skýrslurnar væru í samræmi við útgefna reikninga og kostnað. Gæti hann ekki tjáð sig um fjárhæð þess virðisaukaskatts sem rannsóknin beindist að en ekki gera athugasemd við yfirlit úr tekjubókhaldi yfir stöðu virðisaukaskatts. Vissi hann ekki hvers vegna virðisaukaskatti hefði ekki verið skilað, vísaði á A hvað það varðaði og kvaðst ekki vita hvert þeir fjármunir sem greiða hefði átt virðisaukaskattinn með hefðu farið eða hvort sölureikningarnir hefðu verið að fullu greiddir.

Þá voru borin undir ákærða yfirlit yfir staðgreiðslu og virðisaukaskatt á tímabilinu. Sagði hann A hafa séð um greiðslur til Skattsins og það eina sem hann hefði greitt var þegar hann mætti til skattyfirvalda og greiddi með debetkortinu. Gæti verið að það hefði verið í ágúst 2019. Gerður hefði verið greiðslusamningur við Skattinn, þeir hefðu báðir farið þangað og rætt við starfsmann þegar samningurinn var gerður og A útskýrt fyrir honum um hvað málið snerist.

Skýrsla var tekin af A hjá SRS 19. febrúar 2020. Kvaðst hann hafa stofnað félagið með ákærða og þeir tekið ákvarðanir í sameiningu en framkvæmdin á því sem var ákveðið hefði oft verið á hendi hans. Sjálfur hefði hann séð um að stýra fjármálunum en ákærði hefði stundum séð um greiðslur og millifærslur. Þeir hefðu staðið saman að því að sjá um greiðslur til Skattsins. Sjálfur hefði hann verið stjórnarmaður og haft umsjón

með starfsfólkinu, séð um að útvega efni og búnað og verið í samskiptum við viðskiptavinum. Fundir hefðu verið haldnir hjá félaginu en fundargerðir ekki bókaðar og bókhald fært af bókhaldsfyrirtæki þar til um mitt ár 2019. Hann hefði komið upplýsingum til bókarans sem hefði séð um útreikning launa og útbúið virðisaukaskatts-skýrslur og væru þær byggðar á reikningum. Staðgreiðslu og virðisaukaskatti hefði ekki verið skilað þar sem ekki hefðu verið til fjármunir til að greiða skattinn. Það hefði alltaf verið ætlunin að greiða en ekki alltaf verið til fjármunir til þess og hefðu þeir verið í samskiptum við skattýfirvöld vegna þess.

Auk skýrslu SRS liggja fyrir framangreind gögn auk m.a. heildaryfirlits yfir vangoldinn virðisaukaskatt og vangoldna staðgreiðslu, upplýsingar um mögulegar tapaðar kröfur, greiðsluáætlanir og upplýsingar um prókúru á bankareikning félagsins.

III

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði X kvaðst hafa verið annar af stofnendum B ehf. sem hefði verið byggingarverktaki. Sjálfur væri hann menntaður [...] og hefði hann séð um byggingarframkvæmdirnar. A, meðeigandi hans, hefði séð um fjármögnun félagsins og aflað því verkefna. A hefði ekki haft neina þekkingu á byggingarstarfsemi og hefði aðallega séð um bókhaldið. Milli hans og A hefði því verið verkaskipting. Þegar mest var hefðu um 40 manns starfað við byggingarvinnuna. Sjálfur hefði hann ekki verið á skrifstofu félagsins sem hefði verið á sama stað og heimilisfang félagsins. Þangað hefðu bréf til félagsins borist en ekki til hans.

Hann hefði sjálfur einungis notað sitt einkatölvupóstfang, [...] en ekki verið með vinnunetfang. A hefði séð um að greiða reikninga og ákveðið hvaða reikninga og skattskuldir ætti að greiða. Ákærði sagði að haldnir hefðu verið stjórnarfundir í félaginu og þegar hann hefði óskað eftir fundi hefði A sagt að allt gengi vel. Sagði A það einnig þegar ákærði spurði hann um reksturinn eða fjármálin. Hann hefði beðið um fundi þegar þeir voru að klára verkefni og hann vildi vita hvað væri framundan. Þegar hann hefði frétt að félagið væri í fjárhagslegum erfiðleikum hefði hann ýtt á það að haldinn yrði fundur og hefði það líklega verið í júní 2019. Þeir hefðu almennt ekki rætt um fjármál, fjárhagserfiðleika eða skattskil.

Ákærði sagði að sjálfur hefði hann ekki sinnt daglegri fjármálastjórn en haft aðgang að bankareikningum félagsins. A hefði sýnt honum hvernig ætti að millifæra

peninga í gegnum síma og hvernig ætti að greiða laun starfsmanna en ákærði hefði ekki notað reikning félagsins mikið og myndi ekki hvenær það hefði verið. Einnig hefði hann notað kort á reikning félagsins til að greiða þegar hann þurfti að kaupa eitthvað. Þá hefði A einu sinni eða tvisvar beðið hann um að taka út pening í hraðbanka, í eitt sinn 600.000 krónur, og sagt að hann þyrfti að greiða reikninga. Ákærði kvaðst hafa farið einu sinni á skrifstofu Skattsins og einu sinni greitt skatt fyrir félagið með debetkortinu og gæti það hafa verið 15.000.000 eða 20.000.000 króna. Þá kvaðst hann hafa tekið þátt í því að reyna að semja við Skattinn og hefði hann farið tvisvar þangað til að óska eftir því að fá að skipta greiðslum. Sjálfur hefði hann ekki skilið neitt og hefði það verið A sem talaði við starfsmann Skattsins en sjálfur hefði hann skrifað undir skjöl. Hefði A sagt honum að skuldinni yrði skipt upp í nokkrar greiðslur og hefði hann fengið bréf sem hann tók með sér. Sjálfur hefði hann verið ákveðinn í því að það yrði að greiða alla skuldina en A ekki verið sammála honum.

Ákærði sagði að bókarari hefði séð um bókhald félagsins og hefði hann tvisvar eða þrisvar verið í samskiptum við hana en A almennt séð um þau samskipti. Hefði þetta verið þegar þeir stofnuðu félagið en þá hefðu þeir farið með alla pappíra til hennar. Einu sinni hefði hann farið með A af því að hann vildi ræða við bókarann og einu sinni þegar hann skrifaði undir ársskýrslu félagsins. Kvaðst hann ekki hafa gefið bókaranum fyrirmæli um hvað ætti að greiða, ekki farið með gögn til hennar eða skoðað bókhaldið og ekki gefið út reikninga. A hefði séð um þetta. Hann hefði frétt af fjárhags-erfiðleikunum þegar þeir fóru til Skattsins en myndi ekki hvenær það hefði verið. Kvaðst ákærði hafa orðið var við ítrekunarbréf og þá hefði hann farið til Skattsins og fengið að vita að félagið væri í vanskilum. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að hann hefði orðið framkvæmdastjóri félagsins 21. júní 2019. Sagði ákærði að þeir A hefðu farið til bókarans, hann hefði spurt A hvaða skjöl hann væri að undirrita og hann sagt að þetta væri ársskýrsla. Hann hefði komist að því að það væri ekki rétt þegar allt hrundi. Hefði lögmaður hans sagt honum frá þessu og hefði það líklega verið þegar skattrannsóknin var hafin og hann fékk skipaðan verjanda.

Borið var undir ákærða yfirlit héraðssaksóknara yfir vangoldinn virðisaukaskatt félagsins á árinu 2019 vegna þeirra tímabila sem greinir í ákæru og kvaðst hann aldrei hafa séð um bókhald félagsins og gæti ekki sagt til um hvort þetta væri rétt. Einnig voru borin undir ákærða yfirlit yfir hreyfingar vegna framangreindra tímabila. Sagði ákærði þá að A hefði borið ábyrgð á því að virðisaukaskatti væri skilað og kvaðst ekki vita hvers

vegna það hefði ekki verið gert. Þá var borið undir ákærða yfirlit héraðssaksóknara vegna afdreginnar staðgreiðslu opinberra gjalda vegna ára 2018 og 2019, þau tímabil er greinir í ákæru, og kvaðst ákærði lítið vita um þetta. Voru ákærða einnig kynntar framlagðar staðgreiðsluskilagreinar vegna framangreindra tímabila, honum kynnt að þar kæmu fram nöfn starfsmanna og kvaðst hann telja að þessir einstaklingar hefðu starfað hjá félaginu. Kvaðst ákærði ekki hafa séð um þetta, sagði að þessi skjöl segðu honum ekkert og að hann hefði ekki séð um bókhaldið. Kvaðst ákærði telja að starfsmenn hefðu fengið laun sín greidd þar sem enginn kvartaði.

Ákærði kvaðst kannast við að hafa verið skráður stjórnarformaður við stofnun félagsins 21. mars 2018. Hann staðfesti að hafa undirritað tilkynningu um breytingu á stjórn félagsins 21. júní 2019 þar sem hann varð framkvæmdastjóri með prókúru og A jafnframt prókúruhafi. Hann hefði hins vegar talið að hann hefði verið að undirrita ársskýrslu og hefði undirritað skjalið af því að A hefði sagt honum að gera það. Hefði hann vitað hvað þetta var hefði hann lokað korti A og *reynt að gera eitthvað meira í málinu*. Sagði ákærði að ritað hefði verið á skjalið bæði á vinnustaðnum og hjá bókaranum. Eigi það sama við um skjal dags. 21. júní 2019 þar sem hann var gerður að meðstjórnanda og A að formanni stjórnar. Þetta væri hans undirritun en hann hefði talið að hann hefði verið að undirrita önnur skjöl. Sagði ákærði að í aðdraganda þess að hann undirritaði þessi skjöl hefði allt gengið vel og þeir verið nýbúnir að undirrita samning um byggingu skóla. Eftir það hefði hann fengið upplýsingar sem bentu til annars.

Ákærði kvaðst ekki hafa vitað að bókarinn hefði hætt að vinna fyrir félagið. Þá staðfesti hann að hafa haft aðgang að bankareikningum félagsins á tímabilunum 23. apríl 2019 til 26. maí 2020 og netbanka á tímabilinu 3. maí 2018 til 26. maí 2020 og kvaðst hafa notað þá. Einnig staðfesti ákærði að hafa undirritað greiðsluáætlun 28. ágúst 2019 og sagði að A hefði þá samið við Skattinn. Borin var undir ákærða greiðsluáætlun frá 13. mars 2019 og kvaðst hann ekki kannast við undirritun sína á henni. Þá sagði ákærði að A hefði greitt þá reikninga sem þurfti að greiða og hefði greitt þá með millifærslum. Kvaðst hann hafa treyst A til að sjá um allar greiðslur og öll fjármál félagsins. Einnig sagði ákærði að A hefði alltaf túlkað fyrir hann.

Var ákærða kynnt að í skýrslu sem hann gaf við rannsókn málsins hjá SRS hefði hann sagt að A hefði alltaf verið að koma með einhver skjöl fyrir hann til að skrifa undir, m.a. vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórninni í júní 2019. Var ákærði beðinn um að gefa skýringar á misræmi milli þessa framburðar og framburðar hans fyrir dómi

þar sem hann kvaðst hafa talið sig vera að undirrita annað. Sagði ákærði að verið gæti að hann hefði sagt þetta hjá SRS af því að hann hefði vitað á þeim tíma að þetta voru ekki ársskýrslur. Þegar hann hefði undirritað skjölin hefði hann haldið að þetta væru ársskýrslur. Honum hefðu verið sýnd skjölin hjá SRS og hann spurður hvort þetta væri undirritun hans en honum aldrei sagt hvaða skjöl þetta væru. Verið gæti að hann hefði í skýrslutökunni vitað að hann hefði verið skráður framkvæmdastjóri félagsins af því að lögmaður hans hefði verið búinn að segja honum frá því.

B sagði ákærða og A hafa komið á skrifstofuna hjá [...] ehf. og óskað eftir aðstoð við að stofna félag. Hefði það verið gert, gengið frá skjölum og þau undirrituð. Einnig hefðu bókhaldsstofan verið ráðin skoðunarmenn fyrir félagið til ársloka 2018 en þá hefðu þeir tekið gögnin og farið annað. Minnst vitnið þess ekki að þeir hefðu komið til þeirra vegna breytinga á stjórn félagsins. Samskiptin hefðu aðallega farið fram í gegnum tölvupóst við A. Hann hefði síðan komið með pappíra þegar hún bað hann um það til að geta klárað að færa bókhaldið. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í samskiptum við ákærða, hann hefði einungis komið til að skrifa undir þegar þeir stofnuðu félagið. Hún hefði rætt við A á ensku sem hefði talað fyrir þá báða og hún ekki rætt við ákærða. A hefði snúið sér að ákærða og bent honum á hvar hann ætti að skrifa undir. Um mitt ár 2019 hefði SRS verið send tilkynning um að bókhaldsstofan væri hætt að sinna starfi skoðunarmanns fyrir félagið þar sem það hefði verið ógert eftir að stofan hætti vinnu fyrir þá í árslok 2018. Þá staðfesti vitnið tölvupóst sinn til SRS, dags. 15. júní 2020, þar sem fram kemur að [...] ehf. hefði ekki komið nálægt bókhaldi félagsins frá 30. júní 2019. Sagði vitnið að aðrir starfsmenn hefðu væntanlega komið að málinu frá því í desember 2018 til þess tíma. Eigandi félagsins sem vísað er til í póstinum og er sagður hafa sótt bókhaldið hefði verið A.

C kvaðst hafa unnið byggingarvinnu fyrir félagið fyrir um þremur árum síðan í um tvö ár en mundi ekki hvenær. Sagði vitnið að A hefði séð um skrifstofustörf fyrir félagið. Hann hefði leitað að starfsmönnum, séð um starfsmannaviðtöl og keypt það sem vantaði. Ákærði hefði verið meira eins og yfirmaður við byggingarvinnuna og hefði unnið með þeim. Kvaðst hann ekki vita hver hefði séð um greiðslu launa. Sagði hann að ákærði hefði unnið fulla daga við byggingarvinnu. A hefði einungis verið á byggingarstað þegar ákærði var ekki við. Hefði honum fundist A vera framkvæmdastjóri. Ákærði hefði verið meðeigandi og einnig eitthvað séð um fjármál.

D, [...] hjá Skattinum, staðfesti að hafa sent tölvupóst, dags. 29. september 2021, sem liggur fyrir í málinu og sagði að þar hefði verið lýst þeim atvikum sem voru í gangi á þessum tíma. Í mars hefði félagið verið komið í alvarleg vanskil og hefði þá verið gerð greiðsluáætlun. Hefði samstarfskona hennar þá unnið í málinu og í framhaldi af því hefðu átt sér stað tölvupóstsamskipti. Greiðsluáætluninni hefði verið breytt nokkrum dögum seinna en síðan verið gerð ógild þar sem ekki hefði verið staðið í skilum með áfallandi gjöld. Skatturinn hefði farið með skuldina í innheimtuaðgerðir í kjölfarið og krafist fjárnáms sem varð árangurslaust. Hefði það verið gert um sumarið.

Í ágúst 2019 hefðu tveir menn komið til hennar á starfsstöð embættisins vegna félagsins. Hún hefði rætt við þá um skattskuld félagsins og síðan hefði seinni greiðsluáætlunin, sem dagsett var 28. ágúst 2019, verið gerð og greiðsla innt af hendi. Annar maðurinn var yngri og dökkhærður og hinn var ljósari yfirlitum og hefði hún talað við þá á ensku. Minnti vitnið að yngri maðurinn hefði haft fyrir þeim orðið og sá eldri lítið sagt. Væri líklegt að þeir hefðu eitthvað talað sín á milli. Áætlunin hefði verið undirrituð á staðnum en ekki væri gengið hart eftir undirritun ef til væri nýleg undirrituð greiðsluáætlun eins og þegar fyrri greiðsluáætluninni var breytt 18. mars 2018. Þegar vanskil væru orðin alvarleg væri krafist greiðslu strax en þar sem há fjárhæð, á þriðja tug milljóna króna, hafði verið greidd skömmu áður hefði greiðsla verið ákveðin í september. Fyrir þennan tíma hefði hún hvorki verið í samskiptum við ákærða né A en hún hefði ógilt greiðsluáætlunina frá því í mars og sett af stað innheimtuaðgerðir. Þá kom fram hjá vitninu að fyrri greiðsluáætluninni hefði einnig verið breytt í apríl 2019 að beiðni félagsins. Af hálfu félagsins hefði netfangið [...] þegar sendir voru tveir tölvupóstar 8. apríl, kl. 13:25 og 14:04, vegna greiðsluáætlunarinnar.

IV

Niðurstaða

Ákærði er í máli þessu ákærður fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum í rekstri einkahlutafélagsins B ehf., nú þrotabú, rekstrarárin 2018 til 2019 sem daglegur stjórnandi og stjórnarformaður frá 21. mars 2018 og stjórnarmaður og framkvæmdastjóri með prókúru frá 21. júní 2019. Eru brot ákærða samkvæmt 1. tölulið ákæru talin varða við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt, og samkvæmt 2. tölulið við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt er mælt fyrir um að skýri skattskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendi hann eigi á lögmæltum tíma virðisaukaskattsskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta skuli hann greiða fésekt allt að tífoldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin, vanrækt var greiðsla á eða endurgreidd var um of og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfoldri þessari skattfjárhæð. Fésektarlágmark samkvæmt þessari málsgrein á ekki við hafi brot ein-skorðast við að standa ekki skil á réttilega tilgreindum virðisaukaskatti samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu, enda hafi verið staðin skil á verulegum hluta skattfjárhæðar eða málsbætur verið miklar. Efnislega sambærilegt lagaákvæði er í 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Samkvæmt framangreindri 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga skal hver sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gerist sekur um meiri háttar brot gegn m.a. 1. eða 6. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt eða 1., 2. eða 7. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda sæta fangelsi allt að sex árum. Heimilt er að dæma fésekt að auki samkvæmt þeim ákvæðum skattalaga er fyrr greinir. Þá kemur fram í 3. mgr. 262. gr. að brot teljist m.a. meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum.

Samkvæmt þeim gögnum sem liggja fyrir var ákærði stjórnarformaður félagsins frá 21. mars 2018 en A meðstjórnandi og framkvæmdastjóri með prókúru og þurfti undirritun beggja stjórnarmanna til að skuldbinda félagið. Ákærði varð framkvæmdastjóri með prókúru 21. júní 2019 en A stjórnarformaður og var hann jafnframt áfram með prókúru. Þá liggur fyrir að ákærði var eigandi félagsins ásamt A.

Ákærði neitar sök og krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Fyrir dómi sagði ákærði að verkaskipting hefði verið á milli hans og A. Hefði A séð um fjármálin en ákærði sjálfur stýrt framkvæmdum á byggingarstað. Aðkoma hans að fjármálum hefði verið takmörkuð, hann hefði verið með greiðslukort og aðgang að netbanka félagsins, hefði í einhverjum tilvikum greitt laun, verslað með kortinu og greitt inn á skattskuld. Þá bar hann um að hafa ásamt A farið til skattyfirvalda til að semja um greiðslu skattskulda og undirritað greiðsluáætlun í ágúst 2019. Einnig kom fram hjá honum að hann hefði ítrekað óskað eftir fundi í félaginu til að fá upplýsingar um reksturinn og að þeir A hefðu rætt um greiðslu skattskuldarinnar.

Er framburður ákærða fyrir dómi um aðkomu hans að fjármálum félagsins og skattskilum í meginatriðum samhljóða framburði hans hjá SRS. Það var þó fyrst fyrir

dómi sem ákærði hélt því fram að hann hefði talið sig vera að undirrita ársskýrslu og fylgigögn með henni þegar hann undirritaði skjöl er vörðuðu breytingar á stjórn félagsins og prókúru 21. júní 2019. Af framburði hans hjá SRS fæst ekki séð að hann hafi verið í vafa um það hvað hann var að undirrita og nefndi hann þar sérstaklega að hann hefði undirritað skjöl vegna breytinga á stjórninni í júní 2019. Ekki liggur fyrir dómnum upptaka af skýrslu ákærða en samkvæmt fyrirliggjandi skýrslu um framkvæmd skýrslutökunnar var hún hljóðrituð. Í athugasemdum lögmanns ákærða í bréfi til SRS vegna fyrirhugaðrar refsimeðferðar, dags. 21. desember 2020, er því síðan haldið fram að ákærða hefði ekki verið gerð réttilega grein fyrir efni tilkynningar til fyrirtækjaskrár, þar sem fram kom að hann væri orðinn framkvæmdastjóri, þegar hann undirritaði hana. Hafi hann staðið í þeirri trú að þetta væri nauðsynleg undirritun vegna tilkynningar til ríkisskattstjóra. Á þessu byggir ákærði jafnframt í greinargerð sinni. Hafa ekki komið fram neinar trúverðugar skýringar á breyttum framburði ákærða fyrir dómi. Telst framburður ákærða hafa verið á reiki hvað þetta atriði varðar.

A gaf skýrslu vegna málsins hjá SRS en hann lést 31. maí 2020. Þegar hann gaf skýrsluna var hann með réttarstöðu sakbornings. Ekki liggur heldur fyrir upptaka af framburði hans en samkvæmt málgögnum var hún einnig hljóðrituð. Í ljósi framangreinds er sönnunargildi framburðar hans takmarkað. Með vísan til 3. mgr. 111. gr. laga um meðferð sakamála og þess að framburðar hans var um margt samhljóða framburði ákærða hvað varðar verkaskiptingu milli þeirra og hlutverk ákærða þykir dómnum engu að síður óhætt að líta til framburðar hans hvað þau atriði varðar.

Ákærði er erlendur ríkisborgari og það var A einnig. Verður af framburði vitnanna D og B ráðið að samskipti við A hafi farið fram á ensku og hann útskýrt fyrir ákærða hvað væri um að vera. Er ljóst að vegna takmarkaðrar íslensku- og enskukunnáttu þurfti ákærði að fá aðstoð við að skilja skjöl á íslensku. Þá kom fram í skýrslu vitnisins C fyrir dómi að ákærði hefði verið yfirmaður á byggingarstað þegar hann starfaði hjá félaginu og vitnið taldi að ákærði hefði einnig séð eitthvað um fjármál félagsins.

Ekki er annað fram komið en að aðkoma ákærða að starfsemi félagsins, eins og hún er rakið hér að framan, hafi um margt verið svipuð á þeim tveimur tímabilum sem vísað er til í ákæru. Hann hafi þá komið að fjármálum félagsins auk þess sem hann var stjórnandi á byggingarstað. Bendir framangreint til þess að ákærði hafi komið að daglegri stjórn félagsins ásamt A. Samkvæmt framburði ákærða og þeim gögnum sem liggja fyrir undirritaði ákærði ekki greiðsluáætlun 13. mars 2019 en undirritun á henni er ólík

undirritun ákærða á greiðsluáætluninni frá því í ágúst 2019. Einnig er ósannað að ákærði hafi verið með það netfang sem notað var í samskiptum við skattyfirvöld í apríl 2019; [...]. Þá verður af framburði ákærða, A og B ráðið að A hafi verið í samskiptum við hana vegna bókhalds og skattskila félagsins. Með vísan til framangreinds telur dómurinn ósannað að ákærði hafi, sem daglegur stjórnandi og stjórnarformaður, komið að skattskilum vegna félagsins fyrir 21. júní 2019. Verður ákærði því sýknaður af meintu broti hvað það tímabil varðar.

Hvað varðar tímabilið frá 21. júní 2019 þá kom fram kom hjá ákærða að hann hefði, þá um sumarið, fengið upplýsingar um erfiða fjárhagsstöðu félagsins, og hann þá ítrekað óskað eftir fundi með A. Einnig kom fram hjá honum að þeir hefðu rætt saman um greiðslu skattskuldarinnar. Þá bar hann um að hafa farið með A til skattyfirvalda, undirritað þar greiðsluáætlun vegna skulda félagsins og greitt inn á skuldina í ágúst 2019. Á þeim tíma var ákærði skráður stjórnarmaður og framkvæmdastjóri félagsins og með prókúru. Fyrir liggur að ákærði var annar eigenda og stofnenda félagsins sem grundvallaðist á fagþekkingu hans í byggingariðnaði. Í ljósi þess þykir framburður hans um að hann hafi haft takmarkaðar upplýsingar um stöðu félagsins ótrúverðugur, a.m.k. hvað varðar tímabilið frá því í júní 2019.

Framburður ákærða hjá SRS var afdráttarlaus hvað það varðar að hann hefði vitað hvaða skjöl hann var að undirrita 21. júní 2019. Það var fyrst þegar fyrir lá að málið gæti farið í refsimeðferð sem ákærði hélt öðru fram, eins og að framan hefur verið rakið. Metur dómurinn framburð ákærða hvað þetta varðar ótrúverðugan. Fær þetta einnig stoð í aukinni aðkomu hans að fjármálum félagsins og því að í kjölfarið samdi hann ásamt A um greiðslur við skattyfirvöld, undirritaði greiðsluáætlun og greiddi inn á skuldina. Þá liggja gögn um að A hafi komið að nýju félagi á þessum tíma sem var í viðskiptum við félag ákærða. Með vísan til framangreinds telur dómurinn sannað að ákærði hafi tekið á sig skyldur framkvæmdastjóra félagsins 21. júní 2019, hvað varðar skattskil félagsins. Í ljósi aðkomu ákærða að fjármálum félagsins og stjórnunnar á byggingarstað, eins og að framan er rakið, er það mat dómsins að ákærði hafi einnig sinnt daglegri stjórn félagsins á þessum tíma a.m.k. ásamt A.

Ákærða bar sem stjórnarmanni og framkvæmdastjóra félagsins, samkvæmt 44. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, skylda til að annast um að starfsemi félagsins væri í réttu horfi og jafnframt að fylgjast með og tryggja að af hálfu félagsins væru innt af hendi lögboðin gjöld og staðin skil á skýrslum og skilagreinum til skattyfirvalda, eins og

lög gera ráð fyrir. Er ekkert upplýst um það hver sendi skýrslur til Skattsins eftir að ákærði varð framkvæmdastjóri félagsins 21. júní 2019 en ábyrgð á skattskilum hvíldi engu að síður á ákærða samkvæmt framangreindu vegna eindaga eftir að hann tók við sem framkvæmdastjóri.

Af framburði ákærða og málgögnum má ráða að félagið var í rekstri og tók að sér verkefni sem innheimta bar af virðisaukaskatt. Óumdeilt er að félagið stóð ekki skil á virðisaukaskatti og staðgreiðslu eins og rakið er í ákæru en af hálfu ákærða komu ekki fram athugasemdir við þær fjárhæðir er þar greinir. Í samræmi við framangreint verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið skil á virðisaukaskatti fyrir tímabilið maí-júní og september-október 2019 og staðgreiðslu vegna tímabilanna júní, júlí, ágúst og september 2019. Brot þessi voru fullframin með því að lögboðnar greiðslur voru ekki inntar af hendi á eindaga. Verður að telja að ákærði hafi a.m.k. sýnt af sér af stórkostlegt hirðuleysi er hann afhenti eigi á lögmaeltum tíma virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta vegna félagsins og staðgreiðslu opinberra gjalda. Telst ákærði með háttsemi sinni hafa gerst brotlegur við 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Nema skattundanskot alls 23.459.322 krónum hvað varðar virðisaukaskatt og 27.181.798 krónum hvað varðar staðgreiðslu opinberra gjalda, samtals 50.641.120 krónum.

Með lögum nr. 29/2021, um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota, sem tóku gildi 1. maí 2021, voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi skatt-rannsókna. Er með þeim ætlunin að koma til móts við dóma Mannréttindadómstólsins sem fallið hafa undanfarin ár vegna skattalagabrota, skýra fyrirkomulag rannsóknar skattalagabrota og gera kerfið gagnsærra og skilvirkara. Samkvæmt lögnum er ætlunin að skatteftirlit, rannsóknir og sektarheimildir vegna skattalagabrota verði innan skattkerfisins en alvarlegri brotum vísað til lögreglu ef um meiri háttar mál er að ræða. Í 110. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 er miðað við að hámark sekta skattrannsóknarstjóra verði 100.000.000 króna, sbr. 2. mgr. 10. gr. laga nr. 29/2021. Fyrirmæli ríkissaksóknara nr. 6/2021, um meðferð skattalagabrota, voru sett í kjölfar setningar laga nr. 29/2021 á grundvelli 2. mgr. 103. gr. og 2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt, sbr. 5. og 11. gr. laga nr. 29/2021. Eru þar settar fram ákveðnar meginreglur sem miða að því að fækka þeim málum sem koma til rannsóknar hjá lögreglu.

Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 29/2021 kemur fram að í fyrirmælum ríkissaksóknara eigi að felast mat á hvaða brot teljist meiri háttar brot í

skilningi 262. gr. almennra hegningarlaga þannig að þeim verði vísað strax til rannsóknar og ákærumeðferðar. Við útgáfu slíkra fyrirmæla mætti líta til þeirra breytinga sem gerðar eru í frumvarpinu á sektarheimildum skattrannsóknarstjóra auk þess sem eðlilegt er að taka jafnframt tillit til alvarleika brota, stigs ásetnings og hvort um ítrekun er að ræða eða, eftir atvikum, brotasamsteypu. Í a-lið 2. gr. fyrirmælanna kemur fram að ef samanlögð fjárhæð vangreiddra og/eða undandreginna skatta og gjalda vegna refsiverðra skattalagabrota nemur hærri fjárhæð en 50.000.000 króna, eins og í máli þessu, skuli máli vísað til lögreglu. Í dómi Hæstaréttar í máli nr. 35/2021, sem kveðinn var upp 13. apríl 2022, kemur fram það mat réttarins að setning laga nr. 29/2021 breyti í engu refsinaemi þessara brota eða lögbundnum viðurlögum við þeim. Þá þykir ákærði í það minnsta hafa framið brot sín af stórkostlegu gáleysi. Af framangreindu og með vísan til eðlis brota ákærða er það mat dómsins að brot ákærða sé meiri háttar í skilningi 3. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til framangreinds verður brot ákærða jafnframt heimfært undir 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Að öllu þessu virtu telur dómurinn sannað, sbr. 108. og 109. gr. laga um meðferð sakamála, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er í ákæru hvað varðar tímabilið frá 21. júní 2019. Eru brot ákærða réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

V

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dags. 23. mars 2022, hefur ákærði ekki verið dæmdur til refsingar. Við ákvörðun refsingar ákærða er, til þyngingar, litið til þess að brot þau sem ákærði hefur verið sakfelldur fyrir varða verulegar fjárhæðir. Teljast þau vera meiri háttar samkvæmt 262. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 2. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda. Með hliðsjón af framangreindu, sakarefni þessa máls og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tíu mánuði og er dæmd refsing bundin skilorði eins og í dómsorði greinir.

Þá ber einnig að dæma ákærða til greiðslu sektar til ríkissjóðs en brot ákærða felst í því að standa ekki skil á staðgreiðslu í samræmi við staðgreiðsluskilagreinar og virðisaukaskatti sem var innheimtur eða innheimta bar á lögmæltum tíma. Ekki verður ráðið af málgögnum að greiðsla hafi borist inn á skuldarnar. Með vísan til framangreinds og vegna þess hversu stórfelld brot ákærða eru þykir ekki unnt fara niður fyrir lágmark 1. mgr. 40. gr. laga um virðisaukaskatt og 1. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra

gjalda við ákvörðun um fjárhæð sektar. Verður ákærði dæmdur til greiðslu sektar til ríkissjóðs sem nemur tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem hann er ákærður fyrir að standa ekki skil á. Verður sektarfjárhæðin ákveðin 101.000.000 króna en komi 360 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóns Arnar Árnasonar lögmanns, sem samtals eru ákveðin 2.100.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Annan sakarkostnað leiddi ekki af meðferð málsins.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Halldór Rósmundur Guðjónsson saksóknarfulltrúi.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Við uppkvaðningu dómsins er gætt ákvæða 1. mgr. 184. gr. laga um meðferð sakamála.

D Ó M S O R Ð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í tíu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði 101.000.000 króna í sekt til ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins en sæti ella fangelsi í 360 daga.

Ákærði greiði helming málsvarnarlauna skipað verjanda síns, Jóns Arnar Árnasonar lögmanns, sem samtals eru ákveðin 2.100.000 krónur.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir (sign)